

**29** sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt  
19. júní. útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

## 2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50, 28. nóv. 1919, og öll önnur ákvæði, sem koma í bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Kl. Jónsson.*

**30**  
19. júní.

## L ö g

um

breyting á lögum nr. 34, 22. nóv. 1918, um skemtanaskatt.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ƙappleikar og íþróttasýningar, sem áhugamenn einir taka þátt í, teljast **30**  
eigi til skemtana samkvæmt þessari grein, þótt aðganga sje seld. 19. júní.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Sig. Eggerz.*

## L ö g

um

**31**  
19. júní.

breyting á lögum um dýraverndun, 3. nóv. 1915.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

3. gr. laga nr. 34, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Ráðuneytið setur reglur um aflifun allra húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar, svo og um rekstur og annan flutning innanlands á sauðfje til slátrunar og á sauðfje og hrossum til útflutnings, og um meðferð á hrossum í brúkun. Skal það gert með reglugerð, sem jafnframt ákveður sektir fyrir brot á slíkum reglum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Sig. Eggerz.*